

GLÚNTARNIR

eftir
Gunnar Wennerberg



Tvisöngvar fyrir baryton og bassa

TEXTAÚTGÁFA

GLÚNTARNIR

TVÍSÖNGVAR

FYRIR BARYTON OG BASSA

EFTIR

GUNNAR WENNERBERG

ÞÝÐANDI

EGILL BJARNASON

SKUGGSIÐ

*Dýðingar þessar eru tileinkaðar minningu Fritz
Weissbappels, pianóleikara, með virðingu og þakk-
læti.*

Dýðandinn.

Setning og prentun: SKUGGSJÁ 1975

Bókband: Bókbindarinn hf.



Söngvaskrá.

	Bls.
1. Fyrstu kynni	17
2. Glúntinn gerist Juvenal	21
3. Í Uppsölum er bezt	26
4. Á tunglskinsnóttu	28
5. Klúður í kennslustund	30
6. Sólarlagssöngur	34
7. Fjör á Schylla	36
8. Kvöldstemning	43
9. Nætur göltur í Eiríksgötu	45
10. <i>Daginn eftir</i>	49
11. Frænka Glúntans	52
12. Misheppnaður ástaróður	55
13. Bölsýni og vorhugur	59
14. Fjárkröggur Glúntans	61
15. <i>Dæprir hundadagar</i>	63
16. Óður við arininn	66
17. Ástarsorgir Magistersins	68
18. Hrakfarir Glúntans	70
19. Kvöld í Kirkjugarðinum	75
20. Glúntinn á flóttu	79
21. Mistök Glúntans	82
22. Heimför frá Eikilundi	87
23. Ákæran	91
24. Eftir stjórnfraeðiprófið	93
25. Próffagnaður í Eikilundi	95
26. Dansleikurinn	106
27. Hallarklukkan	110
28. Reikningsuppgjör Glúntans	111
29. Kveðjusöngur	116
30. Saknaðaróður Magistersins	119

FORMÁLI

Þegar ég fór að hugleiða formálsorð fyrir Glúntapýðingum mínum, varð mér það ljóst, að mér mundi aldrei takast að kynna „Glúntana“ og höfund þeirra, Gunnar Wennerberg, í eins stuttu og ljósu máli, og Jón Þórarinsson, tónskáld gerir á umslagi hljómplötu þeirrar, með Glúntasöngvum, er Fálkinn hf. gaf út á sl. ári.

Fékk ég góðfúslega leyfi Jóns Þórarinssonar, til að fella kynningu hans inn í þennan formála. Kann ég honum beztu þakkir fyrir, en hann segir svo:

„Um miðja síðustu öld kom út í Svíþjóð safn tvisöngva fyrir bariton og bassa, með píanóundirleik, og bar nafnið „Gluntarne“. Þeir urðu fljótt vinsælir og hafa staðizt tímans tönn til þessa dags, þótt gleymd sé mörg sú músik, sem lengri lífdagar munu hafa verið ætlaðir í upphafi.

Þetta eru samstæðir söngvar. „Persónurnar“ tvær eru stúdentar við Uppsala-háskóla. Annar þeirra, Glúntinn (Glunten, sem safnið dregur nafn sitt af), er nýliði í stúdentahópnum, en hinn, Magisterinn, er eldri í hettunni. Allur textinn er lagður þeim í munn, og allt efnið er sótt

í nánasta umhverfi þeirra. Þeir rata í margvísleg ævin-
týri, eins og stúdentum var títt, meðan stúdentalíf var og
hét, og þeir hafa líka ýmsar áhyggjur, bæði af prófum
og fjárhag. Um þetta syngja þeir, og inn í það fléttast
ljóðrænar náttúrulýsingar úr hinu fagra umhverfi Upp-
sala.

Höfundur „Glúntanna“, bæði ljóða og laga, var ung-
ur maður, sem þekkti yrkisefni sitt gerla af eigin raun.
Hann hefur tekið ríkan þátt í stúdentalífinu, þegar hann
stundaði nám í Uppsölum 1837—45, en þá lauk hann
doktorsprófi í heimspeki og fagurfræði. Síðan varð hann
kennari um hríð, en upp úr 1860 hófst framaferill hans
á sviði stjórn mála og lá til sífellt hærri embætta og met-
orða. Hann varð tvívegis kirkjumálaráðherra Svíþjóðar og
loks landshöfðingi í Krónuborgarléni, en um skeið var
hann aftur búsettur í Uppsölum og var þá fóstri tveggja
sænskra prinsar, sem þar voru við nám. Þrátt fyrir annir
og ábyrgð hárra embætta fékkst hann við tónsmíðar á-
fram, langt fram eftir ævi sinni, og aflaði sér staðgóðrar
sjálfsmenntunar á því sviði. En eftir því sem árin færðust
yfir, fjarlægðist hann hinn glaðværa anda „Glúntanna“
og hneigðist æ meir að trúarlegum viðfangsefnum. Samdi
hann þá meðal annars nokkur kirkjutónverk í stórum
formum.

Gunnar Wennerberg hét hann, þessi maður, og nafn
hans er enn þekkt um öll Norðurlönd. Hvorki er það þó
hinn mikli embættisframi hans né heldur kirkjutónverkin,
sem hafa gert nafn hans minnisstætt, heldur fyrst og fremst

nokkur kórlög, sem enn eru sungin að staðaldri („Hör oss Svea“, „Stá stark, du ljusets riddarvakt“, „Hur länge skall i Norden“ o. fl.), en þó framar öllu æskuverkið „Glúntarnir“. Segja þó sumir, að honum hafi þótt þessir vinsælu söngvar svo léttúðugir, þegar hann var roskinn orðinn og skipaði virðuleg embætti, að hann hafi helzt ekki viljað við þá kannast.

„Glúntarnir“ hafa verið sungnir hér á landi löngu fyrir aldamót, og ef til vill hafa þeir haft nokkur áhrif á íslenska tónsköpun. Má þar nefna bæði Sólsetursljóð séra Bjarna Þorsteinssonar og tvísöngva Jóns Laxdals í lagaflokknum um Gunnar á Hlíðarenda. Má mikið vera, ef hér er ekki samband á milli, þótt í hvorugu tilvikinu sé um nokkra stælingu að ræða.

Þó að „Glúntarnir“ séu stúdentasöngvar í orðsins fyllsta skilningi, má segja að þeir hafi hér á landi notið vinsælda jafnt leikra sem lærðra. Engu breytir þar um, þó að stúdentalíf með þeim rómantíska blæ, sem hér er lýst og mun hafa blómgaft í Uppsölum á fyrri hluta 19. aldar, hafi aldrei þrífizt hérlendis, og sárafáir Íslendingar hafa nokkru sinni kynnt því af eigin raun. Ef til vill má segja með sanni, að flestar hugmyndir Íslendinga um slíka lífsháttu og það lífsviðhorf, sem þeim fylgir eða fylgdi, eigi einmitt rót sína að rekja til „Glúntanna“.

Það er ekki fyrr en á síðustu áratugum, sem Íslendingar hafa kynnt Svíum og tungu þeirra að verulegu marki. Samt hafa „Glúntarnir“ lengst af verið sungnir hér á sænsku. Hætt er við, að framburðurinn hafi stundum ver-

ið nokkuð blendinn og skilningurinn jafnvel ekki óskekull, en þá hefur ímyndunaraflíð ort í eyðurnar.

Nú er slíks ekki lengur þörf . . ." o. s. frv.

Kynning Jóns Þórarinssonar er látin enda hér, því í niðurlagsorðum sínum vikur hann að þýðingu minni á „Glúntunum“ og er það mál mér of skylt.

Það munu vera um 30 ár síðan ég þýddi fyrsta „Glúntann“ en hann var: „Nu har jag sprungit mig trött och förderfvad“.

Ástæðan fyrir því að ég byrjaði að þýða „Glúnta“ var sú, að ég og söngfélagi minn, Jón Kjartansson bassasöngvari, höfðum lært raddir í nokkrum „Glúntum“. Leituðum við til Fritz heitins Weisshappels, og báðum hann að aðstoða okkur með undirleik. Tók hann þeirri mála-leitan okkar af sinni alkunnu vinsemd, og æfðum við með honum nokkra söngva á sænsku en einn „Glúnta“ (Framåt marsch.) í íslenskri þýðingu Guðmundar Björns-sonar, landlæknis (Gests).

Einhvern veginn æxlaðist svo til að við fórum að syngja „Glúntana“ á skemmtisamkomum, og kom þá í ljós, að sá sem við sungum á íslenzku, fékk alltaf langbestar undirtektir áheyranda.

Svo komumst við að því að Einar M. Jónsson skáld hafði þýtt 6 eða 7 „Glúnta“ og leyfði hann okkur að nota þýðingar sínar.

Weisshappel var ekki síður orðinn hrifinn af tónlist Wennerbergs en við söngfélagarnir, og hvatti mig mjög til að þýða vissa söngva. Varð þessi hvatning þess vald-

andi, að ég fór að glíma við þýðingar á „Glúntunum“, þótt kunnátta mín í sænsku væri takmörkuð. Aðeins hálfsvetrar nám í Samvinnuskólanum hjá Guðlaugi Rósinkranz.

Endirinn varð sá að ég þýddi texta við öll löggin, 30 að tölu. Eina vísu við sum, en fleiri erindi við önnur. Ég gekk frá þessum þýðingum heftum saman, með efnisskrá fremst, en var svo gáfaður að vélrita textana aðeins í einriti. Eftir að ég hætti Glúntasöng lánaði ég þessar þýðingar, en þær glötuðust, og er það önnur saga.

Það var í senn erfitt verk, en ánægjulegt að fást við þýðingar á „Glúntunum“. Þeir eru ortir á „stúdentamáli“ sinna tíma, á árunum 1837—45. Margt er þar orða, sem að mestu eða öllu eru horfin úr venjulegu sænsku máli, enda eru hvorki meira né minna en 104 skýringar á orðum, staðarheitum og orðatiltækjum, aftan við textahefti „Glúntanna“.

Í upphafi reyndi ég, með hjálp góðrar orðabókar, að fylgja sænska textanum eins nákvæmlega og mér var unnt. En það varð þess valdandi að sumar þýðingarnar urðu óþarflega stirðlegar, og ég náði ekki nægilega þeim léttleika og gamansemi, sem einkennir flesta „Glúntana“.

Eftir að Glúntaþýðingar mínar glötuðust, hugsaði ég ekki um þær í mörg ár, eða þar til Haraldur Ólafsson í Fálkanum fór að ræða við mig um útgáfu á áðurnefndri Glúntaplötu. Nokkrir texta minna höfðu varðveizt á plötum, sem við Jón Kjartansson sungum inn á, á sínum tíma, og úr öðrum mundi ég nokkurt hrafl.

Nú vaknaði á ný áhugi minn á „Glúntunum“ og ég

hóf endurbýðingu þeirra texta, er valdir höfðu verið til söngs á væntanlegri hljómplötu. Tók ég nú þann kostinn að láta frumtextann ekki verða mér um of fjötur um fót. Kann að vera að sumum finnist frjálsglega með orð far-ið, en slíkt hafa mér meiri þýðendur leyft sér, og þótt takast með ágætum. Þykist ég þó hafa gætt þess eins og ég gat, að efni, andi og hugblær frumtextans kæmi skað-laust til skíla, en hversu það hefur tekizt er annarra um að dæma.

En þegar ég var nú aftur kominn á bragðið, lét ég mér ekki nægja að endurbýða þá 13 söngva, sem á hljómplöt-unni eru, heldur hélt áfram, rifjaði upp og endurbætti þá alla. Gerði ég mér þetta til gamans, en ekki með út-gáfu fyrir augum.

Skömmu eftir að hljómplatan kom út, hringdi Oliver Steinn, bókaútgefandi í Hafnarfirði til mín, og spurði hvort ég hefði þýtt alla „Glúntana“. Kvaðst ég hafa tilbúna texta við öll lögin, að vísu hefði ég ekki þýtt öll erindin við sum þeirra. Bauðst Oliver til að gefa „Glúntana“ út, og varð ég harla ánægður, því bæði áður, en þó einkum eftir að hljómplatan kom út, bárust mér margar beiðnir um texta, víðs vegar að af landinu, bæði frá einstaklingum, skólum og félögum.

Eins og ég hefi tekið fram, þýddi ég ekki „Glúntana“ í þeim tilgangi né þeirri von, að þeir ættu eftir að koma fyrir almenningsjónir.

Ef til vill hefði mátt gera getur, því lengi er hægt að breyta og bæta. En ég vona að menn taki viljann fyrir

verkið, og þessar þýðingar mínar megi verða til þess, að vekja áhuga söngelskra manna á „Glúntunum“, sem í næstum hálfu aðra öld hafa hljómað af vörum margra ágættra söngmanna, bæði í heimalandi sínu, og hér á Íslandi.

Egill Bjarnason.

1.

Fyrstu kynni.

1.

Magisterinn:

Örlögin léru' okkur óvörum mætast
átjánhundruð þrjátíu og sjö.

Glúntinn:

Hvort ég man, kæri vin
Karls tólfta minnisdag.

Magisterinn:

Hópurinn syngjandi hélt kringum torgið
Hjá þér ég lenti, við sungum til tvö.

Glúntinn:

Kvöldið var kalt og dimmt.
Hvort ég því hefi gleymt.

Báðir:

Áhrif frá okkar frægustu dögum
fram þá streymdu í orðum og lögum.

Magisterinn:

En er söngnum var lokið, sagðir þú:
„Hvað segir herrann við því
að við fáum oss einn,“ en eftir fylgdi
átta' ára fyllirí.

Báðir:

En er söngnum var lokið sagðir þú:
„Hvað segir herrann við því
að við fáum oss einn“, en eftir fylgdi
átta' ára fyllirí.

Lyft skál, fyrir liðinni stund.

Skál fyrir stúdentsins léttu lund.

Já. Skál.

2.

Magisterinn:

Vor eru liðin, enn lifir þó sagan
leiftrandi rúnum í hjötu vor skráð.

Glúntinn:

Mætustu minningar
munu varðveitast þar.

Magisterinn:

Í okkur geymist enn gamli stúdentinn
glaðari' en forðum, og ríkari' af dáð.

Glúntinn:

Því dregur hann að hún
horskur sitt víkingsflagg.

Báðir:

Ástand kassans verður æ verra,
Vonir hagsbóta daglega þverra.

Magisterinn:

En því getur ei skeð að verðum við
hér virtir efnamenn?
Og í ríkisráð kjörnir. Hent slíkt hefur.
Hvað má gerast enn.

Báðir:

En því getur ei skeð o. s. trv.

Báðir:

Lyft skál, fyrir líðandi stund.
Götum á prófum með léttri lund.
Já, skál.

3.

Magisterinn:

Senn verðum við máske kengbognir karlar
kræklóttir stofnar, sem lúta til falls.

Glúntinn:

Við þolum súrt og sætt
saman til hinsta dags.

Magisterinn:

En ef oss aðskilja óblíðar nornir
Ystads ferð þú til, en ég til Sundvalls?

Glúntinn:

Ekki nein orð, því slíkt
ei gerist nærri strax.

Báðir:

Hum. En ef það á nú að henda
að vor gleði fær svíplegan enda.

Magisterinn:

Æi, skítt með það, höfum hér ei nú
nein heilabrot um það
sem á einhvern veg, eða einhverntíma
átt getur sér stað.

Báðir:

Æi, skítt með það o. s. frv.

Báðir:

Drekk skál, þess sem ólíðið er.
Eilífðar vors, sem við njótum hér.
Þá skál.

2.

Glúntinn gerist Juvenal.

Glúntinn:

Ó, hve leiður er ég að lifa hér í þessum
eitraða heimi, því allt gengur á mót.
Og senn veit ég ekkert, sem angrið mér léttir,
og er mér nokkur raunabót.

Magisterinn:

Hvað nú?

Glúntinn:

Ég hef nú í árin átta,
amstrað hér í þessum bæ.
Stritað milli myrkra náttu
Mér nú segðu, hvað ég fæ?

Magisterinn:

Ódýrt húsrúm . . .

Glúntinn:

Undir trjánnum?

Magisterinn:

Ágæt klæði . . .

Glúntinn:

Þessi hér?

Magisterinn:

Öl í glasið . . .

Glúntinn:

Hvar á kránum?

Magisterinn:

Krónur stundum . . .

Glúntinn:

Þessar hér?

Magisterinn:

Hreint er allt í hönk hjá þér.
Helzt nú eitt til bjargar er.
Juvenal minn vinur ver.

Glúntinn:

Af og frá, það ei ég vil.

Magisterinn:

Hreint er allt í hönk hjá þér . . .

Glúntinn:

Að það bæti, sízt ég skil.

Magisterinn:

Helzt nú eitt til bjargar er . . .

Glúntinn:

Fölnar rósín fagurrauð . . .

Magisterinn:

Juvenal minn vinur ver.

Glúntinn:

Fyrir mér er gleðin dauð.

Magisterinn:

Ver Juvenal.

Glúntinn:

Fyrir mér er gleðin dauð.

Magisterinn:

Nei, er sólin rís hann sæll úr rekkju fer.
Og er sindra stjórnur félagsbróðir er.
Hlær og kallar. Höldum bræður gleðiveg.
Hvar sem vinir mætast, þar er einnig ég.
Drekkum því í gullnum veigum gleðiskál.
Góði vinur, þá mun endurfæðast sál.
Sorg og mæðu sökkva skal í sextugt djúp.
Sveipað verður lífið allt þá gleðihjúp.

Glúntinn:

Við nána hér . . .

Magisterinn:

Svo.

Glúntinn:

Umhugsun er . . .

Magisterinn:

Sko.

Glúntinn:

Hér í kyrrþey . . .

Magisterinn:

Nú.

Glúntinn:

Hastar það ei . . .

Magisterinn:

Jú.

Glúntinn:

Heyrt þetta hjal . . .

Magisterinn:

Þá hvað . . . ?

Glúntinn:

Hræðast ei skal.

Magisterinn:

Því það?

Glúntinn:

Verður mitt val.

Magisterinn:

A — ha.

Glúntinn:

Víst Juvenal.

Magisterinn:

Húrra. Vivas, floreas, semperque gaudeas.

Báðir:

Þekkirð' óminn þessa hljóðs?

Það er guðinn söngs og ljóðs.

Andblær hans er ilmur vors í sál.

Aftur þorna brár.

Læknast sollin sár.

Fögnum glæstum guði þeim — með skál.

3.

Í Uppsölum er bezt.

1.

Magisterinn:

Svara mér Glúnti, og segðu mér nú
sanna og einlægasta hjartans meining þína.
Fordómalaust upp á æru og trú
álit þitt varðandi þessa spurning mína.
Finnst þér ei Uppsalir indælis bær?
Enginn mun betri vera, hér á Norðurlöndum.
Staðhæfa vil ég, og víst er það nær.
Varla hans líki' er til á öllum heimsins ströndum.

Glúntinn:

Þú auli ert, það sést.
(Í) Uppsölum er best.
Ágætast, hér á þessum helming jarðarbólsins.
Að finna slíkan stað?
Fjandinn hafi það.
Farðu og leitaðu frá miðbaugi til pólsins.

Baðir:

Nei. Hvergi heims í krókum eða kimum er
kátum vini betra líf, en einmitt hér.
Laus við hættur, tilverunni tekur létt,
títt sem fólk í heitum löndum gerir rétt.
Sé slíkt til, á öðrum hnöttum, aðeins það er,
sem eigi Bredman þá veit á skil.

2.

Magísterinn:

Sannlega vinur þú svarar mér rétt.
Svo álit ég, og líka ótal margir fleiri.
Öðrum það samþykkja eigi finnst létt.
Uppsala kosti þeir sízt telja hinum meiri.
Sumar, þeir gorta af Gautaborg mest.
Glaðir um Stokkhólm aðrir fram og aftur renna.
Ýmsum í Karlstað er eftirsjá flest.
Eplín þrá sumir mjög og perurnar í Grenna.

Glúntinn:

Það sérhver maður sér.
Sannleikurinn er
sami og stigsmunur á fárviðri og golu.
Á sólin sök á því
þótt sé hún björt og hlý.
Sízt hennar ljóma dái moldvarpa í holu.

Baðir:

Nei. Hvergi o. s. frv.

4.

Á tunglskinsnóttu.

1.

Magisterinn:

Drottinn minn, tunglið upp loftið lýsir.
Ljósstöfum vafinn er hér sveit og bær.

Glúntinn:

Himinninn bjartur. Sem vegarvísir
vingjarnleg stjarna hver mót okkur hlær.

Báðir:

Ljómar þar Sírius. Sjá Orion.
Svanur í ljósvaka bað sér fær.
Drottinn minn, tunglið upp loftið lýsir.
Ljósstöfum vafinn er hver sveit og bær.

8.

Magisterinn:

Sjá þvílík norðurljós. Ei ég áður
augum hef litið slík mörg herrans ár.

Glúntinn:

Svon' er að vaka og ver' allsgáður
viljand' ég háttá seint, ef ég er klár.

Báðir:

Við sjáum guðanna gömlu hauga
gnæfa mót himni. Frá þeim greina skrár.
Sjá þvílík norðurljós. Ei ég áður
augum hef litið slík, mörg herrans ár.

11.

Magisterinn:

Seg mér þann stað, hér í Svíaríki,
sem getur boðið líkt og nóttin öll?

Glúntinn:

Blunda ég mundi í „Borgardíki“
betur og værar en í kóngsins höll.

Báðir:

Komum og heimsækjum krána Lambys.
Kallast það mætti reyndar hugmynd snjöll.
Seg mér þann stað, hér í Svíaríki,
sem getur boðið líkt og nóttin öll?

5.

Klúður í kennslustund.

1.

Glúntinn:

Fréttir þú um mitt flán í gær?
Fjandinn því hefur ráðið.
Guð mig annist svo illu fjær.
Ennþá sviður mig háðið.

Magisterinn:

Þetta minnzt hefur enginn á.
út með söguna, greindu frá.

Glúntinn:

Æ, ég mætti en . . .

Magisterinn:

En asnalegt.

Báðir:

Já, asnalegt.

2.

Glúntinn:

Æ, ég mætti, sem ei er títt.
Og ég hlustaði, og rýndi.
Læra hugðist nú heilmargt nýtt.
Hreinan áhuga sýndi.

Magisterinn:

Þetta hugsað af viti var.
Vitleysu samt þú gerðir þar.

Glúntinn:

Og á fremsta bekk . . .

Magisterinn:

. . . en asnalegt.

Báðir:

Já, asnalegt.

3.

Glúntinn:

Og á fremsta bekk enginn sat
— aðsókn lítil á vorin. —
Hjá mér lagði mitt höfuðfat.
Hratt inn gekk prófessorinn.

Magisterinn:

Gott og blessað allt ennþá er
en hvað gerðirðu svo af þér?

Glúntinn:

Æ, ég sofnaði . . .

Magisterinn:

. . . en asnalegt.

Báðir:

Já, asnalegt.

4.

Glúntinn:

Æ, ég sofnaði. Alltaf vex
ólán með hverjum degi.
Klukkan varð fimm og síðan sex,
samt ég vaknaði eigi.

Magisterinn:

Afleitt. Getur samt ekki skeð
að það prófessor haf ei séð?

Glúntinn:

Æ, ég hraut svo . . .

Magisterinn:

. . . en asnalegt.

Já, asnalegt.

5.

Glúntinn:

Æ, ég hraut. Mikið á þar gekk.
Og sem hrútur var skorinn.
Það var hlegið í hverjum bekk
hætta varð prófessorinn.

Magisterinn:

En því varstu ei vakinn fljótt?
Vandinn þar með var leystur skjótt.

Glúntinn:

Engum tókst það . . .

Magisterinn:

. . . en asnalegt.

Báðir:

Já, asnalegt.

6.

Sólarlagssöngur.

1.

Magísterinn:

Yndi er allt að sjá
úti í foldarskauti.
Fjarlæg er Fyris á.
Fjarr' eru strætin grá.

Glúntinn:

Heiðskír er hverfing blá.
Hrein eins og meyjaraugu.
Skýin þar hreyfast hjá
hvít eins og lömb og smá.

Báðir:

Hagablóm hlusta á
hvíslið í furukrónum,
sem gnæfa himinhá
hér yfir grænleit strá.

Himinsól, hraða þér.
Hjarta mitt fagnand' er.
Án þín er lífið allt
eyðilegt, dimmt og kalt.

2.

Magisterinn:

Aftanins engill fer
ofur hljóðleg', um jörðu.
Hann um dökkt hár á sér
heilan stjörnukrans ber.

Glúntinn:

Vel kunna vegi hér
valmúa krýndur svífur
hann, sem hvíslar að mér
hve dýrlegt vorið er.

Báðir:

Ánægður álfaher
úti á grundu dansar.
Þröstur í skógi þér
þýðlega hljómlist tér.

Himinsól hraða þér.
Hjarta mitt fagnand' er.
Án þín er lífið allt
eyðilegt dimmt og kalt.

7.

Fjör á „Schylla“.

Glúntinn:

Kátt er á kvöldin á Schylla.
Kollur af þúnsi menn gleðja.
Hörpur og slagsmál þar heyrast.
Haldgóðir réttirnir styrkja og seðja.

Magisterinn:

Hört meina flehende Lieder.
Strahlende, leuchtende Sterne.
Kommt mein Geliebter nicht wieder?
Bleibt er denn ewig mir ferne?

Glúntinn:

Bang. Þarna brotnaði rúða.
Beint út þeir rónanum kasta.
Þessi hér prufar að prúttu.

Báðir:

Peninga til, því nú virðist það hasta.

Magisterinn:

Halló þjónn. Hér er ég seztur.

Glúntinn:

Halló þjónn. Bíddu við, sko.

Magisterinn:

Halló þjónn. Hann er minn gestur.

Glúntinn:

Halló þjónn. Toddý í tvo.

Magisterinn:

Halló þjónn. Flesk og kartöflur.

Glúntinn:

Halló þjónn. Fyrr en í nótt.

Magisterinn:

Halló þjónn.

Glúntinn:

Halló þjónn.

Magisterinn:

Halló þjónn. Fljótt.

Glúntinn:

Singt ihr Mädchen . . .

Burt með öll háreistarhljóð.

Magisterinn:

Syngið ljóð . . .

Glúntinn:

. . . fögru fljóð.

Báðir:

Fjörug og stutt, en þó góð.

Glúntinn:

Ó, í herrans nafni, enga sorgarsöngva nú.

Magisterinn:

Anna ætti að þegja.
Olla, spara þitt væl.
Hvað þýðir svona siður?
Sarga þeir gamlan ræl.

Báðir:

Leikið með léttu geði
lög, sem að vekja gleði.

Magisterinn:

Ausserordentlich, Wunderschön. Já.

Glúntinn:

Þetta er smekkurinn þýzkurum hjá.

Báðir:

Nei. Búið er það.
Allt er hér að.
Þeir leika slagara úldna af elli
og afgangla valsa. Við förum í hvelli.
Nú ofbýður mér.

Augnablik hér
ekki verð. Ég fer.

Glúntinn:

Nú . . .

Magisterinn:

Já, sjá . . .

Glúntinn:

Betur má.

Magisterinn:

Sitjum enn um sinn.

Báðir:

Syngjum nú með þeim, vinur minn.
Es kehret der Frühling mit lachendem Blick.

Glúntinn:

Cantabile.

Báðir:

Verjüngend und schaffend zur Erde zurück.

Magisterinn:

Amabile.

Báðir:

Als freundlicher Engel umschwebt er die Flur.

Glúntinn:

Mirabile.
Und zeichnet mit Blumen die segnende Spur.

Magisterinn:

En gætið að, kórnum mun glymja í hátt.

Glúntinn:

Syng gjaldkeri þrumandi, Österberg kátt.

Báðir:

Kom hér, kæri frændi, og gleð nú þitt geð.

Tak grafarann, prestinn og herlækni með.

Nýstedt slær taktinn.

O, sei uns willkommen, du fröhlicher Gast.

Ja.

Ach, lange schon war uns der Winter zur Last.

Ja.

Er schliesset so grämlich ins Zimmer uns ein.

Ja.

Wir lieben es lustig im Freien zu sein.

Hurrah.

Magisterinn:

Hurrah. Hurrah. Hurrah.

Glúntinn:

Hurrah. Hurrah.

Magisterinn:

Hurrah.

Glúntinn:

Hurrah.

Magisterinn:

Hurrah.

Báðir:

Hurrah.

Du aber du ladest uns fröl ich und mild.

Glúntinn:

Cantabile.

Báðir:

Hinaus in das duftende Blumengefeld.

Magisterinn:

Amabile.

Báðir:

Du liebest die Kinder und fröhliches Spiel.

Glúntinn:

Mirabile.

Und schenkest der herrlichen Freuden uns viel.

Magisterinn:

Nú skenkið í glös, liebes Mädchen, og skál.

Glúntinn:

Skál, gamli bakari, þér er víst mál.

Báðir:

Slepp prestur og grafari Maríu mey.

Hún mun hafa nóg, svo hún þarf ykkur ei.

Haltu þér saman.

O, gieb uns auch immer, du blühender du.

Ja. Viel heitere Tage und Blumen dazu.

Ja. Und sages dem Sommer, bald ist er ja da.

Ja. Wir bitten um Rosen und Kirschen ja, ja.

Und Kirschen ja, ja.

Magisterinn:

Hurrah.

Glúntinn:

Ja, ja.

Magisterinn:

Hurrah. Hurrah. Hurrah.

Glúntinn:

Hurrah. Hurrah.

Magisterinn:

Hurrah.

Glúntinn:

Hurrah.

Magisterinn:

Hurrah. Hurrah.

Báðir:

Hurrah.

8.

Kvöldstemning.

1.

Glúntinn:

Nú til þess kominn tími er
að taka á sig náðir
og eftir dagsins amstur hér
að ark' í rúmið — báðir.

Magisterinn:

Og dreyma auð og ástarglód
við ilm frá laufgum trjánum.
Sitt eigið bú, og blíðlynt fljóð,
og brennivín á kránnum.

Báðir:

Rectissime, strictissime,
skál, frater amantissime.
Sitt eigið bú og blíðlynt fljóð
og brennivín á kránnum.

2.

Glúntinn:

Í pípum gerist glóðin dauf
í glösum lokasopinn.
Hvar er minn hattur? Ekkert gauf.
Ungfrú. Hvað kostar dropinn?

Magisterinn:

Til sængur genginn svanni er
og sefur fram á morgun.
Og dreyma eflaust annað fer
en okkar litlu borgun.

Báðir:

Rect. o. s. frv.
Og dreyma o. s. frv.

9.

Næturgöltur í Eiríksgötu.

Glúntinn:

Áfram nú . . .

Magisterinn:

Af stað.

Glúntinn:

Hægri snú.

Magisterinn:

Þá það.

Glúntinn:

Það er niðdimmt í nótt, ekki satt?

Magisterinn:

Gerir ekkert.

Glúntinn:

O-nei.

Magisterinn:

En hvar staddir?

Glúntinn:

Veit ei.

Magisterinn:

Hvar í fjandanum fékk ég nú hatt?

Glúntinn:

Hver er það?

Magisterinn:

Hver hvað?

Glúntinn:

Karl minn, svar.

Magisterinn:

Nú, þar.

Glúntinn:

Því er herrann að hangsa svo seint?

Magisterinn:

Þú ert vitlaus.

Glúntinn:

Því þá?

Magisterinn:

Það er dælan.

Glúntinn:

Ó-já.

Magisterinn:

Fyrirgefið. Ég flaskaði hreint.

Báðir:

Arm í arm, af stað.
Ekki batnar það.
Sterkt var staupabað.
Slagarð' eða hvað?
Þett' er eflaust Eiríksgatan
alltaf dimm og forarsvað.

Taktfast trömpum nú.
Trygg mun aðferð sú.
Hér er beygja — hú.
Haltu kjafti, þú.
Æ . . . við endasentumst flatir
niðr' í aurinn, ég og þú.

Magisterinn:

Ójá, veraldargengið finnst viðsjált mér.
Margur valtur í spori á hausinn fer.

Báðir:

Og frá ríkismannssölum í ræsið hér
reynist hænufet, þeim, sem að drukkinn er.

Glúntinn:

Það er auðvelt að dett' og mig undrar því
hvað er erfitt að reisa sig við á ný.

Báðir:

Er þá jafnvægislögmálið lítilsvært,
ef þú lagsmaður dálítið kenndur ert.

Glúntinn:

Brunavörðurinn kallar af brú hér nær.

Magisterinn:

Okkar bjargvættur, himninum frá.

Báðir:

Þú skalt hressingu fá, svo þér hitn' oní tær.
Ef þú hjálpar mér lappirnar á.

Glúntinn:

Taktu á, elsku vin. Einmal noch. Stórvel gert.

Magisterinn:

Þú færð ágætis borgun — en seint.

Báðir:

Þú átt gott, þú veizt hvar þú á götunni ert
og þú gengur svo stöðugt og beint.

10.

Daginn eftir.

1.

Magisterinn:

Velkominn. Sjá hann!
Viltu einn gráan?
Var ekki gaman að lifa í gær?
Fast var þá drukkið.
Fjörugt var sukkið.
Frítt líka allt saman, vinur minn kær.

Glúntinn:

Nei, minn Magister.
Mig reyndar þyrstir.
Mér líður illa, já, því er nú ver.
Andleg' í sárum. Úthelli tárurum.
Æ, hefð' ég verið kyrr heima hjá mér.

Báðir:

Andleg' í sárum, úthellir tárurum.
Æ, hefð' ég (hann) verið kyrr heima hjá mér (sér).
Heima hjá mér (sér). Heima hjá sér (mér).

2.

Magisterinn:

Grát þú ei lengur.
Lækning mín gengur.
Lát mig nú heyra hvað amar að þér.
Hefur þú víða
verk, finnst þér sviða.
Veiki sú algeng að morgni dags er.

Glúntinn:

Æðarnar brenna.
Blóðstraumar renna.
Brjóst mitt af kvíða og óró er þjáð.
Heit eru tárin.
Hjartakvöl sárin.
Huggun fær alls engum tilgangi náð.

Báðir:

Heit eru tárin. Hjartakvöl sárin.
Huggun fær alls engum tilgangi náð.
Tilgangi náð. Tilgangi náð.

4.

Magisterinn:

Þetta mun lagast.
Það má ei dragast.
Þú færð þér síld, og svo einn disk af graut.

Drekktu svo mikið
Madeir' ósvikið.
Matarlyst færðu, svo hverfur öll þraut.

Glúntinn:

List hef ég enga
ei má það rengja.
Er hún jafnlítill og þorstinn er „stór“.
Nótt hef ég vakað
varla á slakað.
Vatnið úr þvottaskál drukkið sem bjór.

Báðir:

Nótt hef ég (hefur) vakað
varla á slakað.
Vatnið úr þvottaskál drukkið sem bjór.
Drukkið sem bjór. Drukkið sem bjór.

11.

Frænka Glúntans.

1.

Glúntinn:

Þekkirð 'ana frænku
fröken Hoppenrath?
Hún býr út við Dragerbrunn.
Þar borða ég minn mat.
Vönd að virðing sinni.
Víst og satt það er.
Hún er mesta heljarskass
þótt hún sé náskyld mér.

Magisterinn:

Nýskeð í svip han' ég sá.

Glúntinn:

Sú var víst agaleg þá.

Magisterinn:

Það væri synd að segja, hún ber
með sóma og virðuleik aldur.
Þrifleg hún er. Vaxin vel sýnist mér.
Og vel klædd, það hver maður sér.

Glúntinn:

Já, segja það má.
Frá toppi að tá
tauði er fínt. En sjá gúlinn.
Velvaxin — jú.
En ásjónan — hú.
Útlitið dágott — en túlinn.

Báðir:

Æ, æ, æ, æ, æ, — en túlinn.

2.

Glúntinn:

Stundum líka skeður,
ef að út ég fer
og á réttum matartíma
heim ei kominn er.
Drottinn mín þá gæti.
Glötun hreint er vís.
Gæti óskað mér í neðra
þar sem ró ég kýs.

Magisterinn:

Og þá segir hún hvað?

Glúntinn:

Sjálfsgagt þig gruna mun það.

Magisterinn:

Nei, ég vinur hér ánægður er,

að eiga ei frænku í bænum.

Viðurkennt skal, að væri ein hér.

Til vandræða yrði slíkt mér.

Glúntinn:

Blessaður þá

hún byrjar strax á

boðorðaupplestri sínum:

„Gjörspillti son.

Mín glataða von.

Gleyp í þig hratið með — svínum“.

Báðir:

Æ, æ, æ, æ, æ, — með svínum.

12.

Misheppnaður ástaróður.

Glúntinn:

Bíddu við. Burt með sigarinn.

Ber þig vel. Hér sendur þú.

Ég skal glamra á gítarinn.

A ég gef, og byrja nú.

Magisterinn:

Ó, unga meyja, ef þú vaknar
við ástarsöng minn, reiðstu ei.

Þú þekkir ekki mig, sem þráir þig og saknar
en því á stöðugt von. Þú skilur það? Æ, nei.

Glúntinn:

Sérðu ljós? Nei. Sveiflast tjaldið?

Sofa mun hún rúms við stökk.

Vekja hana verður baldið.

„Willst du nicht, so musst du doch“.

Magisterinn:

En ef mitt ljóð nær engileyrum þínum
ó, ég vina, bið þig hlusta á mig.
Því þett' er einn af hjartans sjafnarsöngvum mínum
úr sálar minnar djúpi. Aðeins fyrir þig.
Ekkert hljóð?

Glúntinn:

Ekkert hljóð.

Magisterinn:

Og ekkert ljós?

Glúntinn:

Nei, ekkert ljós.

Magisterinn:

Og engir möguleikar?

Glúntinn:

Nei.
Til að vekja vífið unga
víst þarf básúnanna fjölda.
Eða hringing hljómaþunga
hennar inn við sængurtjöld.

Báðir:

Þetta fljóð er fjandans selur
fyrst hún ennþá sefur,

þegar falskt og fullum rómi
fimbulbassar syngja tveir.
Það skal líka vífið vita.
Við tveir ungir herrar
þolum ekki aðr' eins móðgun
og ei sinnum henni meir.
Beljum nú hástöfum, bröltum, skröltum.
Betur má enn.
Stöppum í strætið og hlunkum, dunkum.
Báðir í senn.

Glúntinn:

Þögn. Nú hreyfðust gluggatjöld. Kyrr þú.
Ástarsönginn aftur. Byrja nú.
Syng annað erindið.

Magisterinn:

En ef mitt ljóð nær engileyrum þínum,
ó, elskan ljúfa

Glúntinn:

Nú, bróðir, von er lítil lengur.
Laglega fór nú hér.

Magisterinn:

Og ástarinnar slitinn strengur.
Stelpukind, svei þér.

Báðir:

Spörkum í hliðið og æpum, orgum.

Ei dugar það.

Hömrum á gluggann og hörkum, skörkum.

Hættum. Af stað.

Kjafti svo allir hér hátt og hljótt

um háreysti, sem var gerð í nótt

af fullum stúdentum.

Af fullum stúdentum.

13.

Bölsýni og vorhugur.

Glúntinn:

Vinur, á lífinu leiður ég er.
Lamar mig amstrið og kífið.
Allt finnst mér kæfandi kvalræði hér.
Kveð ég því heiminn og lífið.
Kaldur ég fæ
hvílu í snæ
hverfa þá sviðandi undir.

Magisterinn:

Alls ekki nú.
Eftir átt þú
ævinnar björtustu stundir.

Glúntinn:

Bróðir kær
fer því fjær.
Flest inér gagnstætt sannað.
Meðan dug

hafð' og hug,
hreint var lífið annað.

Báðir:

Enn skál.

Magisterinn:

Senn kemur vorið og vindar ei stanza
vermandi sönggleði bæi og lönd.

Báðir:

Ísana leysir og leikgláðar dansa
léttfættar öldur að heillandi strönd.

Magisterinn:

Vaknar dalur af vetrarins blund.

Glúntínn:

Vorfugl syngur í grænkandi lund.

Báðir:

Myndast hreiður hjá móum og grund
mun þar náttúran vaxta sitt pund.
Vaknar dalur af vetrarins blund.
Vorfugl syngur í grænkandi lund.

14.

Fjárkröggur Glúntans.

Glúntinn:

Nú hef ég móður og mäsandi gengið
mill' allra kunningja í þessum bæ.
Hvergi einn einasta eyri þó fengið,
öllum því tímanum kastað á glæ.
Þarna sló klukkan þrjú.
Þrjú korter eftir nú.
Reyndur og vanur þú ráð hefur æ.

Magisterinn:

Segðu mér fyrst og fremst upphæðin' alla,
okrarans nafn, og svo skulum við spjalla.

Glúntinn:

Fimmtíu ríkisdali fljótt ég verð að greiða
fausknum Liljegren, því annars mun hann neyða,
mig til afarkosta, æru mína meiða.
Aldrei frammar tekst mér nokkurn dal að veiða.
Ég er viss um það.

Magisterinn:

Heppinn sá, er engum verri skarfi skuldar.
Skuldaraunir aldrei þuldar,
léttar eru lífs á vog.

Glúntinn:

Fimmtíu ríkisdali fljótt ég verð að greiða
fausknun Liljegren, því annars mun hann neyða,
mig til afarkosta, æru mína meiða.
Aldrei framar tekst mér nokkurn dal að veiða.
Grátt er gaman hér.
Guð veit hvernig fer.

Magisterinn:

En lífsglaður sé hver sem lánsamur er.

Glúntinn:

Ég vil þakka þér.

Báðir:

G: Ég vil þakka þér.

M: Þú mátt þakka mér.

15.

Daprir hundadagar.

1.

Glúntinn:

Ósköp dauflegt er í bænum
auðar götur flestar hér.
Ekkert sést af vífum vænum
varla sál á „Flunstin“ er.

Magisterinn:

Sóda, sætasta fljóð.
Sykur og saft, ver svo góð.

Báðir:

Ósköp dauflegt er í bænum
auðar götur flestar hér.

2.

Glúntinn:

Allt er dapurt, engir syngja.
Eldrauð sólin vermir höf.
Úti kirkjuklukkur hringja,
klökkar, sem við látins gröf.

Magisterinn:

Flaskan fín er að sjá
fljótleg' í aðra skal ná.

Báðir:

Allt er dapurt, engir syngja.
Eldrauð sólin vermir höf.

3.

Glúntinn:

Litlu glösin þyrsta þjaka.
Þýðir lítt að dreypa á.
Eina ráðið er að taka
út, því bragðið helzt finnst þá.

Magisterinn:

Ungfrú. Fljótt okkur fær
fötur og ausur tvær.

Báðir:

Litlu glösin þreytta þjaka.
Þýðir lítt að dreypa á.

4.

Glúntinn:

Loftið titrar, ljómar sólin
lamandi finnst svækjan mér.
Næstum því við Norðurpólinn
nú úr hita sálumst vér.

Magisterinn:

Ei þú óttast skalt Hel.
Ungfrúrnar lifa hér vel.

Báðir:

Loftið titrar, ljómar sólin
lamandi finnst svækjan mér.

16.

Óður við arininn.

1.

Báðir:

Rökkurskuggar, blæju breiðið,
blíða yfir þreyttan huga.
Komið nú og kvölum eyðið.
Hvöld oss veitið, ó kom.

Magisterinn:

Eftir önn og kvíða
ógn er gott að blunda.
Láta hugann líða
ljúft til fegri stunda.

Glúntinn:

Þú, sem fjötrar frjálsa andann
ferskt ef hjartans mál hann talar.
Burt með gort og blaðursfjandann
beina leið til neðsta salar.

Báðir:

Já, allir kóngar mund' af sér segja
og burt ráðherrar lögum fleygja.
Ef þeir mættu vorn unað eygja.
Aðeins lifa — og síðan deyja.

2.

Báðir:

Hljóðar gegnum húmið nætur
hingað feimnar stjörnur lýsa.
Ys og þys í eyrum lætur
út um götur og torg.

Magisterinn:

Léttir er að leggja
lappir upp á borðið.
Höndla hvorutveggja,
hvíld, og rétta orðið.

Glúntinn:

Þú, í guðs mynd breyskur berð hér
boginn hrygg og lotinn hnakka.
Burt með axlaböndin af þér.
Burt með hálsklútinn og frakka.

Báðir:

Já, allir kóngar mund' af sér segja o. s. frv.

17.

Ástarsorgir Magistersins.

1.

Magisterinn:

Í Arkadíu eitt sinn hef ég dvalið.
Undi þar glaður, þá, en aldrei framar.
Nú er mitt forna yndi allt er kalið
angrast mitt hjarta, þráin hugann lamar.
Tindrandi stjarna.
Töfrandi þerna.
Æ, því, æ, því var ég þar ei kyrr.
Braut ég máské móti guða boðum?
Mannanna lög þar braut ég ei.

Báðir:

Æ, því, æ, því var ég (hann) þar ei kyrr.
Æ, því, æ, því var ég (hann) þar ei kyrr.

Magisterinn:

Ó, oft ég spyr: Hvar fæ ég þig að finna
fegurst hillling ljúfra æskudaga.

Með þér er grafin gleði vona minna.

Geymist þó minning þín sem fögur saga.

Æ, en addio

idolo mio.

Aldrei framar syng ég ljóð til þín.

Því ég óttast að hinn gamli gneisti

geymist enn í minni sál.

Báðir:

Æ, því, æ, því o. s. frv.

18.

Hrakfarir Glúntans.

1.

Glúntinn:

Ástfanginn ég einu sinni var.

Magisterinn:

Ágætt. Skál, og lifi gömul minni.

Glúntinn:

Ég var ríkur eins og Rússa zar.

Magisterinn:

Aftur skál, og glaður ver í sinni.

Glúntinn:

Burt er allt. Svo víst fer víða.

Vonir dauðar fyrri tíða.

Rósamunnur fljóðsins fríða

fölnar, þegar tímar líða.

Báðir:

En hvað um það.
Hérna við tórum við tóbak og glas.
Troðum í pípur, og hlustum á mas.
Þrautreyndir báðir við þessa lífs bras.
Þolum hér slúður og fjas.

Magisterinn:

En skítt með það æ.

Báðir:

Já, skítt með það æ.
Skvaldrið og kjaftæðið í þessum bæ.

Magisterinn:

Ef hvít væri sál þín, sem svanur á á.

Glúntinn:

Sem hún er . . .

Magisterinn:

Menn sjálfsagt þig álitu viðundur þá.

Glúntinn:

Hjálpi mér . . .

Magisterinn:

Og víst er það hart að þín hjúskaparþrá
þar hlaut svo óvænt skipsbrot, á mannlífs reginsjá.

2.

Glúntinn:

Já, mig elti óhappanna fár.

Magisterinn:

Einn í viðbót. Meira vil ég fregna.

Glúntinn:

Það var haustkvöld, hér mitt fyrsta ár.

Magisterinn:

Herskyldunni var ég þá að gegna.

Glúntinn:

Áfram slagar ólánsrekkur
ofan Karólínubrekkur.
Óvart hann á engil stekkur
er um koll féll. Slíkur skrekkur.

Báðir:

En hvað um það. O. s. frv.

3.

Glúntinn:

Sjáðu. Þarna hlaut ég heldur skell.

Magisterinn:

Hún þó frekar. Engill niður felldur.

Glúntinn:

Já. Því ekki fallega hún féll.

Magísterinn:

Fjárans slys. Ég skil að þú varst hrelldur.

Glúntinn:

En hún ber' á engu lætur
er hún rennvot komst á fætur.
Hlær svo indæl, og það bætur
eru þeim, sem næstum grætur.

Báðir:

En hvað um það. O. s. frv.

4.

Glúntinn:

Ei veist þú hve innanbrjósts mér var.

Magísterinn:

Ég veit það, og sitthvað. Já því miður.

Glúntinn:

Svo ég ædd' um allar slóðir þar.

Magísterinn:

Engla fleiri hjópstu þó ei niður.

Glúntinn:

Ei sást fljóðið, er ég þráði.
Árið leið. Ég víða gáði.
Loks ég han' er hjartað dáði
hitti — og glata von og ráði.

Báðir:

En hvað um það. O. s. frv.

5.

Glúntinn:

Loks í reynslupróf ég fara fékk.

Magisterinn:

Fremur slakur nemandi þú þóttir.

Glúntinn:

Er ég sat, þá inn um dyrnar gekk . . .

Magisterinn:

Ég veit — prófessorsins fagra dóttir.

Glúntinn:

Nei — mín prúða perlan skæra.
Prófessorinn — þvílík æra
sagði: „Áttu kaffi kæra
kona, þessum herr' að færa“.

Báðir:

En hvað um það. O. s. frv.

19.

Kvöld í kirkjugarðinum.

Glúntinn:

Þegar að gröfin hin þögla, kalda,
þrýstir oss loks að faðmi sér.
Þá mun ei slúðursins óblíð alda
ónæði gera þér né mér.

Magisterinn:

Nei, vinur, það ég álit ei.
Aldrei mun slúðri linna. Nei.

Glúntinn:

En ef að margur svo ómilt dæmir
okkur í helkaldri grafarnekt.
Vinirnir munu sem vinum sæmir
verja og milda okkar sekt.

Magisterinn:

Áður en strá á gröfum grær
gleyma þeir okkur, bróðir kær.

Glúntinn:

Ekki neitt þvaður, því ef þú dæir
ekkert þinn missi bæta nægir.
Vinirnir hættu við glaum og gaman
grétu þig biturt, allir saman.

Magisterinn:

Herra minn trúr. Það efa ég ei.
Ekki þó lengi. Nei, sei, sei, nei.

Glúntinn:

Harla rangt stefnir þitt hugsanafley.
Harður í dómum ert þú. Ja, svei.

Magisterinn:

Hlustaðu á.
Ein hversdagsmynd úr okkar lífi.
Þú deyrð — og þá
svo réttilega láti þínu segja menn frá.
Glúntinn fékk slag, og hann er nú héðan
horfinn af lífsins veg.

Glúntinn:

Hver? Ég?

Magisterinn:

Sorgmæddir sitja. Særðir af undrun
segja þá hrærðir vinir um þig.

Ó, guð minn, svo það er satt. Er hann látinn?
Sá sannarlega af flestum mun grátinn
Því nýskeð sat hann hér sæll og svo rjóður
og söng sitt ljóð fyrir hlustandi bróður.
Í austri né vestri fannst enginn jafngóður
og einlægur vin.
Sem Höður skaut dauðinn nú hreint út í bláinn.
Því hlær við Loki, en Baldur er dáinn.
Já, eikin fellur, sá fullvaxni gróður
þótt fauskarnir skrimti við lítinn hróður.
Í austri né vestri fannst enginn jafngóður
og einlægur vin.
Þeir barma sér.
Þeir harma hér
og horf' á sætið auða.
Þeir halda brátt
í ýmsa átt
með augnahvarma rauða.
Svo hittast þeir
ei hryggir meir
og hafa gleymt þeim dauða.

Glúntinn:

Svei. Þú óra aðeins tjáir,
sem eittra grafarþef lífsins vor.
Set þú þig, sem þannig spáir,
í þinna vina eigin spor.

Magisterinn:

Seg sem þú vilt.

Seg sem þú vilt.

Sannleik með reynslu þú fáir.

Glúntinn:

En því að þrátta hér

úr þessu tíminn sker.

Þá fyrst skilst þér og mér

hvað það hið rétta er.

Báðir:

En því að þrátta hér

úr þessu tíminn sker.

Þá fyrst skilst þér og mér

hvað það hið rétta er.

Hvað réttast er.

Glúntinn:

Til hvers er að deil' og dæma
um dapurt málefni, vinur hér.

Því vil ég nú, sem mun sæma
þér segja eitt, þótt ei trúir mér.

Magisterinn:

Út með það þá. Út með það þá.

Ef það kann vantrú burt flæma.

Glúntinn:

Hafðu um þetta eins hljótt og gröfin.

Hreint er mín skoðun söm og þín.

20.

Glúntinn á flóttu.

1.

Magisterinn:

Halló, þú Glúnti. Hægðu á þér.
Hvers vegna ert' á spretti nú?

Glúntinn:

Ég er af hræðslu alveg frá mér.
Einhver mín leitar. Skilur þú.
En einstaka staði má í neyð þó nýta.

Magisterinn:

Í neyðinni sitthvað má nýta.

2.

Magisterinn:

Dómshúss á tröppum ert' að æða.
Af hverju? Víst þig hefur dreymt.

Glúntinn:

Uppi þeir vandra, er mig hræða
enda „cuique suum“ hafa gleymt.
En einstaka staði má í neyð þó nýta.

Magisterinn:

Í neyðinni sitthvað má nýta.

3.

Magisterinn:

Saman við nú í „Eplið“ örkum.
Ölið er gott, og fjör er þar.

Glúntinn:

Kerlingin víst með verstu svörkum.
Vitlaus, og kjaftar alls staðar.
En einstaka staði má í neyð þó nýta.

Magisterinn:

Í neyðinni sitthvað má nýta.

4.

Magisterinn:

En hvað um „Gästis“. Klókt það væri.
Krösus það sjálfum hæfa má.

Glúntinn:

Manstu þá ekki kannske kæri
„kredit“ þar eng' er hægt að fá.
En einstaka staði má í neyð þó nýta.

Magisterinn:

Í neyðinni sitthvað má nýta.

5.

Magisterinn:

Ekkert mitt ráð þinn huga huggar.
Hvað viltu sjálfur. Greindu frá.

Glúntinn:

Hæfa best „Sjö helvítis gluggar“.
Helst mig þar þor' að láta sjá.
Því einstaka staði má í neyð þó nýta.

Magisterinn:

Í neyðinni sitthvað má nýta.

Mistök Glúntans.

1.

Glúntinn:

Dú manst í fyrra' á þessum degi.
Þurrkum burt slæmar minningar.

Magisterinn:

Þegar heillaður — það ég segi
þú rakst á . . . — manstu hver það var.

Glúntinn:

Flestan fjandann víst má . . .

Magisterinn:

Þá flana á . . .

Báðir:

O, svei.
Við vorum báðir vel við skál
af veigum sterkum hress var sál.

Já, meir' en lítið víst það var
vitlaust, sem við gerðum þar.

2.

Glúntinn:

Sátum við tveir við söngvagaman
sunnudagskvöld eitt. Það man ég.

Magisterinn:

Ljósskreyttur garður létti aman
leizt mér hver stelpa yndisleg.

Glúntinn:

Svo gerði þúnsið sitt . . .

Magisterinn:

. . . og síðan hitt.

Báðir:

O, svei. Við vorum báðir o. s. frv.

3.

Laufskála í við sælir sátum
Sígur reyktum í gleðitrans.

Magisterinn:

Rætt þar um Norbergs gróða gátum
gamla Chiewizt, og brúna hans.

Glúntinn:

Fegursta fljóðið þá . . .

Magisterinn:

. . . við fengum sjá.

O, svei. Við vorum báðir o. s. frv.

4.

Glúntinn:

Upp þá við spruttum, og brátt fundum.

Inn milli trjána fagra snót.

Magisterinn:

Lamparnir, dauft þótt lýstu stundum,

létu oss sjá þar glæstan fót.

Glúntinn:

Áfram við æddum þar . . .

Magisterinn:

. . . idiótar.

Báðir:

O, svei. Við vorum báðir o. s. frv.

5.

Glúntinn:

„Hví ert þú alein, ungfrú þarna?“

Ákafur mjög ég spurði þá.

Magisterinn:

„Fel þig hér ei, mín aftanstjarna“.
Ávarp mitt var. Ég man það, já.

Glúntinn:

Enga hún átti bið . . .

Magisterinn:

. . . og ei leit við.

Báðir:

O, svei. Við vorum báðir o. s. frv.

6.

Glúntinn:

Við hana létum far' í friði,
Fylgdum henni sem kettir bráð.

Magisterinn:

Ljóskeri hjá, und' vænum viði
varð þó að stanza, hennar náð.

Glúntinn:

Leit síðan okkur á.

Magisterinn:

Og hvað mér brá.

Báðir:

O, svei.

Því hún var alveg herfileg

og hvergi nærri gerfileg.

Við lögðum niður skottin skjótt

skutumst síðan burtu fljótt.

7.

Glúntinn:

Segðu ei þessa sögu lengur.

Síst vil ég skýra þvíumlíkt.

Magisterinn:

En vinur. Svona einatt gengur.

Er nokkuð dularfullt við slíkt.

Glúntinn:

Frænkan mörg ágæt er.

Magisterinn:

Einstaka — hér.

Báðir:

O, svei.

Ef menn er' orðnir of við skál

og óskýr hugsun kemst í bál

þá út' í rökkri aftan frá

aldur tæpast dæma má.

22.

Heimför frá Eikilundi.

1.

Báðir:

Hættum nú í dag. Já, heyrð strákar.
Hressing mundi blund að fá nú sér.
Fjandans holur, stubbar, steinaflákar.
Steypist enginn hér, það heppni er.

Magisterinn:

Eru allir mættir?

Glúntinn:

Á að vera fleira?

Magisterinn:

Hvað erum við margir?

Glúntinn:

Fimm, ef ég tel rétt.

Magisterinn:

Þú og ég og Nystedt . . .

Glúntinn:

Leikarinn — hvað meira?

Magisterinn:

Læknastúdentsgreið.

Glúntinn:

Liðið er „komplett“.

Báðir:

Hættum nú í dag. Já, heyrðið strákar.

Hressing mundi blund að fá nú sér.

2.

Báðir:

Ó, hve hér er friðsælt undir trjánum.

Andrúmsloftið hreint, og vorilm ber.

Það er eitthvað annað inn á kránnum.

Ekkert strit á móti þessu hér.

Magisterinn:

Sérðu ekki veginn?

Glúntinn:

Sífellt upp í móti.

Magisterinn:

Halt' í girðinguna.

Glúntinn:

Hér er dimmt í kveld.

Magisterinn:

Æ, þar liggur Nystedt.

Glúntinn:

Hygg ég að hann hrjóti.

Magisterinn:

Hann er ekkert meiddur.

Glúntinn:

Ekki það ég held.

Báðir:

Ó, hve hér er friðsælt o. s. frv.

3.

Báðir:

Smáóhöppin henda bara bullur
ber „esprit de corps“ hér vott um það.
Og þótt læknastúdent útúrfullur
Óla Bull vorn slægi. Hvað er að?

Magisterinn:

Hvert hefur hann farið?

Glúntinn:

Flúið inn í „Blekið“.

Magisterinn:

Fjandinn hirði skálkinn.

Glúntinn:

Komum líka inn.

Magisterinn:

Heldur í kjallarann.

Glúntinn:

Ég vel apótekið.

Magisterinn:

Á að drekka sóða?

Glúntinn:

Hollast, vinur minn.

Báðir:

Smáóhöppin henda bara bullur
ber „esprit de corps“ hér vott um það.

23.

Ákæran.

Glúntinn:

Ég er svo órór í sál og í sinni
síst veit ég hvernig á endanum fer.
Hendir það stundum, ef einn er ég inni
eins og sé hrópað. Þú kemur með mér!
Ef ég er tregur
eitthvað mig dregur
áleiðis þangað sem frakkinn minn er.
Lagið ég þekki.
Líka blekkir tónninn ekki.
Lokkar hann mann út í lesti og hrekki.
Víst ég kenni þennan þokkalega náunga nú.
Það ert þú.

Magisterinn:

Hvar er mín vinsemd, kærasti vin?
Hver er vor gleði? Villandi skin.
Ó, fyrirgefðu.

Vild' ég þér vel.
Varð þá til бага.
Farvel, farvel.

Glúntinn:

Nú undrar mig. Grætur Juvenalinn?
Í flest skjól er þá fokið.

Magisterinn:

Og fyrir ei hlær, en hann samfagnar þér
er prófunum er lokið.

Glúntinn:

Fyrst hann samfagnar þér, er prófunum er lokið.

Magisterinn:

Nú undrar mig. Grætur Juvenalinn.
Í flest skjól er þá fokið.

Báðir:

Fyrst hann samfagnar þér, er prófunum er lokið.
Nú undrar mig. Grætur Juvenalinn.
Í flest skjól er þá fokið.

Eftir stjórnfraeðiprófið.

1.

Glúntínn:

Nú er mér heiðursbróðir, aldeilis bjargað.
 Einkunninn fengin, mestu raununum fargað.
 Sloppinn í gegnum prófsins harðstöttu hrinur.
 Heill guð og þér. Ó, faðma mig að þér vinur.

Báðir:

Sloppinn . . . o. s. frv.

2.

Glúntínn:

Ákæran hún var engin vitleysa. Sjáðu.
 Ágætisskap fékkst þú, en ég prófsins gráðu.
 Hamingjan sanna, hvað við kynnum nú fleira,
 kæri vin, ef við hefðum rifizt ögn meira.

Báðir:

Hamingjan sanna o. s. frv.

3.

Glúntinn:

Ekki skal meir, á ágreiningi hér klifa.
Enda þú sjálfur, hefur kennt mér að lifa.
Illt getur stundum mælt í ógáti munnur
manns, sem að vaknar næturgnafinn og þunnur.

Báðir:

Illt getur o. s. frv.

4.

Glúntinn:

Vissirðu hversu mikið frænka var fegin?
Faðmaði, grét og kyssti mig báðum megin.
Lengi hún lifi. Gott hún vildi mér gera.
Greyið þótt fyndist mér oft þreytandi vera.

Báðir:

Lengi hún lifi o. s. frv.

5.

Glúntinn:

Ég konuefni fljótt mér ætla að finna.
Fínt hús svo eftir tvö ár. Alls ekki minna.
Fái ég ekki fé með henni í búntum
fram tíðin veitir sæg af indælum Glúntum.

Báðir:

Fái ég ekki o. s. frv.

25.

Próffagnaður í Eikilundi.

Magisterinn:

Kalli.

Glúntinn:

Jonni.

Magisterinn:

Komdu þjónn.

Glúntinn:

Heyr þú nú.

Magisterinn:

Hó, Schy . . .

Glúntinn:

Pétur.

Magisterinn:

Hér er hann.

Glúntinn:

Hæ — bíð þú.

Magisterinn:

Hneigðu þig sofandi sauður.
Sjáðu hér Glúntann, með próf.

Glúntinn:

Og hér borða við ætlum, en ei inn' í sölum
og alls ekk' í smábásum, né út' á svölum
og ekk' upp' í kvistum, við um það ei tölum.
Nei, úti á trjaskýldum, grasprúðum böllum.

Magisterinn:

Pétur.

Glúntinn:

Hljóp hann?

Magisterinn:

Hægan nú.

Glúntinn:

Bíð við nú.

Magisterinn:

Reykt síld.

Glúntinn:

Blómvönd . . .

Magisterinn:

Hreðkur . . .

Glúntinn:

Og kál, þú.

Magisterinn:

Úr þessu vitleysa verður
veljirð ei nákvæmt og rétt.

Glúntinn:

Þú skalt leggja á dúkinn af list, kæri Pétur.
Þar lifandi blóm þú og munnþurrkur setur.
Og hreðkur og kryddsíld og hreinsteik, og fleira
og hálfkút af öli og ljúffengt madeira.

Báðir:

Best að setjast hér.
Betra þarna er.
Já, blóm og skuggar trjáanna. Þar við finnum ró.

Magisterinn:

Æ . . .

Báðir:

Hér er æðsta yndi jarðar
ó hve lífs er fögur stund.
Heyrið fögnuð fuglahjarðar
fagurgræn er hlíð og grund.
Fiðrildið og flugan skartar,
Fjörugt hljómar þrastaspil.
Knefjum vínsins veigar bjartar.
Vorblóm drekka okkur til.

Glúntinn:

Kemur loks Pétur.

Magisterinn:

Kræsingar ber.
Munnþurrkur hreinar.

Glúntinn:

Margþvegið gler.

Magisterinn:

Víst er það, að veizla þessi, verður alveg gull.
Glænýtt smjör og gæðaostur.

Glúntinn:

Gott er bragð — en lyktar illa.

Magisterinn:

Bólvað klúður. Brennivínið bragðast eins og sull.
Köstum þessum flöskufjanda . . .

Glúntinn:

Fögrum blómum má ei spilla.
Alkohól og animónur, illa saman fer.

Magisterinn:

Hreðkan, hún er fín.

Glúntinn:

Jæja.

Magisterinn:

. . . og hér er bíti.

Glúntinn:

Nei, ég þakka.

Eina fyrir átta dögum át . . .

Magisterinn:

. . . ást, og fór þá ver.

Kótelettur kæri . . .

Glúntinn:

Æ-nei. Kviður neitar meir að hakka.

Sérðu upp á svalir?

Magisterinn:

Nei.

Glúntinn:

Nei. En sjá þar Lotta er.

Báðir:

Er úr lautu, einmitt héðan
útsýn myndræn, það skal vorta.

Glúntinn:

Sérðu?

Magisterinn:

Já.

Glúntinn:

Ver kyrr.

Magisterinn:

Sjáðu nú.

Glúntinn:

Súpum ölið. Skál.

Magisterinn:

Sko, nú fer hún.

Glúntinn:

Skaði er það.

Báðir:

Skál ber þínum sokkum, Lotta.

Magisterinn:

Varð hún reið?

Glúntinn:

Skál. Nei, herra trúr.

Magisterinn:

Er kótelettan fín. Mín er þurr . . .

Glúntinn:

Og mín er eins . . .

Magisterinn:

. . . en fitan seig. Drekkum madeira.

Glúntinn:

Síld ég gæti þegið.

Magisterinn:

Svo. Nú dvínar lystin mín.

Kemur þjónninn þarna?

Glúntinn:

Hvað er á seyði?

Magisterinn:

Krásaval enn meira.

Báðir:

Kölski hirði kökur.

Glúntinn:

Ert þú vitlaus eða . . . burt.

Báðir:

Beina leið til fjandans farðu.

Glúntinn:

Færðu þetta nýgræðingum.

En við viljum vindla . . .

Magisterinn:

Fljótt.

Báðir:

. . . þá beztu sem þú átt.

Magisterinn:

Cuba tegund . . .

Glúntinn:

Skál, Magister. Mjöðinn teygum.

Magisterinn:

Mögnum drykkju. Skál.

Ja, ha. Petra kalla þeir madeira. Svei.

Glúntinn:

Svei. Það líkist súpufjanda.

Magisterinn:

Guð einn fær það þekkt.

Glúntinn:

Og þjónninn . . .

Magisterinn:

Það er sama hver.

Þankaflug þitt þarf að blanda

þrúgna eld í Fyris bylgjur. Skál.

Glúntinn:

Ég held að hálfsterk endist ekkert . . .

Magisterinn:

Aðra þá. Skálurn fyrir Juvenölum. Skál.

Glúntínn:

Skál fyrir þeim gamla stofni.
Tæmum glösin.

Magisterinn:

Ágætt.

Glúntínn:

Einmitt. Eitt það hæfa má.

Magisterinn:

Þakka, Glúnti. Þökk quod felix faustumque . . .

Glúntínn:

Þökk. Amen. Amen, amen.

Magisterinn:

Ósk' ég þess að ætíð . . .

Glúntínn:

Þögn.

Magisterinn:

. . . þú njótir . . .

Glúntínn:

Þei.

Magisterinn:

. . . og þei. Allrar gæfu.

Glúntinn:

Tra la la la.

Magisterinn:

. . . er, þín hlýja . . .

Glúntinn:

Tra la la la . . . Skál!

Magisterinn:

Ástúðlega sál fær hlotið, skál.

Glúntinn:

Þetta átt' að endurtaka. Skál.

Magisterinn:

Alls kyns láns þú fáir notið, skál.

Glúntinn:

Jæja. Er það ennþá meira? Skál.

Magisterinn:

Magisternum mátt' ei gleyma
minning hans í velsæld geyma.

Báðir:

Skál, minn vildarvin.

Magisterinn:

Ó, hve sólin hægan hnígur.
Hverfur bak við fjöll og lunda.

Legg þig hér til hvílu í grasið.
Heyri ég er það grær.
Eftir dagsins annir þreyttur
unaðslegt er hér að blunda.
Kringum beð þinn bláklukknanna
þjöllukliður vær.
Síðar eftir þrautir þyngri
þú færð hvílu hérna undir.
En þá hringja aðrar klukkur
yfir þinni gröf.
Ó, hann sefur. Einmitt þessar
eru lífsins beztu stundir.
Það, að mega dreyma draum
er dýrleg náðargjöf.
Það var háðulegt próf, sem hann hlaut,
þetta grey.

Glúntinn:

O, — svei.

26.

Dansleikurinn.

1.

Magisterinn:

Herrar. Bráðum byrja tónar valsins.
Bollan stór og girnileg hún er.

Glúntinn:

Bezt hún skarta mun í miðju salsins.
Miðdepill í sólkerfinu hér.

Magisterinn:

Á vorn litla heim hún ljóma sínum slær.
Sérhver snót, sérhver snót
er sem engilmær.

Báðir:

Á vorn litla heim o. s. frv.

2.

Magisterinn:

Reikistjórnur út í eldhús sækjum.
Önnu, Lottu, ráðskonuna með.

Glúntinn:

Gamla Winter, full af kæt' og klækjum
komi, létt svo verði hennar geð.

Magisterinn:

Lof sé guði að hún Ulla er einnig hér.
Og svo ég. Og svo ég.
Ætluð sú er mér.

Báðir:

Lof sé guði o. s. frv.

3.

Magisterinn:

Sjáið, kominn hér er heili skarinn.
Húrra, strákar. Dömur velja ber.

Glúntinn:

Æ, hver skollinn. Er öll glóra farin.
Ekki skála. Ráðsku vantar hér.

Magisterinn:

Fögru, engilblíðu, sykursætu þið.
Hingað inn. Hingað inn.
Hérna bíðum við.

Báðir:

Fögru, engilblíðu, o. s. frv.

4.

Magisterinn:

Leikið hærra. Strokin skil hver strengur
sterkt og dátt, svo lagsins heyrum klíð.

Glúntinn:

Rúður hristast. Gólf í bylgjum gengur.
Geysist stjörnumergðin þar um svið.

Magisterinn:

Ulla. Fleygðu þessu fjárans sjali nú.
Dansleiksins. Dansleiksins
drottning ein ert þú.

Báðir:

Ulla. O. s. frv.

5.

Magisterinn:

Hættum dansi. Húrra fyrir okkur.
Hyllum lífið öll með gleðiróm.

Glúntínn:

Hell í glösin, þjónn og kæri kokkur.
Hvað er þetta. Bolluskálin tóm.

Magisterinn:

Við sem dönsu, höfum tæpast fengið tár.
En öll hin. En öll hin
drukið fjandafár.

Báðir:

Við sem dönsu o. s. frv.

6.

Magisterinn:

Já, „sic transit gloria mundi“.
Gleði nýfædd bráðkvödd varð nú hér.

Glúntínn:

Von að margur blindfullur því blundi.
Bollan var eins handa mér og þér.

Magisterinn:

Efni ég til dansleiks annað sinn skal þá
hefðarfólk, hefðarfólk
aðeins aðgang fá.

27.

Hallarklukkan.

Báðir:

Heyr. Heyr. Klukkunnar tóna í kveldsins ró.
Ó, þeir koma sem englarnir hæðum frá.
Laða fram bæn, og á blakandi vængjum tveim
bljúgir flytja þeir hana svo að Alvalds stól.

Glúntinn:

Hvenær greint fæ ég aftur svo kláran hljóm?
Kannske aldrei mig fyrir slík dásemd ber.

Báðir:

Ó, en um eilífð ég mun þennan unaðsóm
eiga geymdan í sál á minni lífsferð hér.

Reikningsuppgjör Glúntans.

1.

Magisterinn:

Seztu hér í ró og reyndu.
Reikna plús og mínus nú.
Engu hér við uppgjör leyndu.

Glúntinn:

Er það nú.

Magisterinn:

Vertu ekk' að kjafta.

Glúntinn:

Sjáðu. Einn hér er á hundrað.
Einn á sextíu og tvo.
Tveir á tvo — mann ei fær undrað . . .

Magisterinn:

Er það svo.

Glúntinn:

. . . Þó að verði halli.

Magisterinn:

Asnaskapur. Þú mátt þakka
þetta dæmi ef verður slétt.
Eitt hundrað telst engu skakka.

Glúntinn:

Alveg rétt.

Báðir:

Alveg, alveg rétt.

2.

Magisterinn:

Finndu bæði blek og penna.
Bíddu. Seg mér hvar ég var.
Áttu kannske aðeins þennan?

Glúntinn:

Ekki þar.

Magisterinn:

Nú. En hvar er pappír?

Glúntinn:

Eflaust þarna' í þessum kassa
þú munt finna eitthvert dót.
Þessu efni það mun passa.

Magisterinn:

Þú ert rót.

Glúntinn:

Krotum þá á borðið.

Magisterinn:

Borðið. Áfram. Og nú sannað
er að sama hlut má létt
notfæra sem eitt og annað.
Alveg rétt.

Báðir:

Alveg, alveg rétt.

3.

Magisterinn:

Þá er best að byrja' á kránum.
Bróðurpartinn þessi hít
gleypir. Ei má gleyma lánnum.

Glúntinn:

Gleyptu skít!

Magisterinn:

Teldu' í röð og reglu.

Glúntínn:

En ég vanur er að þvarga
alla við. Ei Lamby's þó.
Þar ég rúðu muldi marga.

Magisterinn:

Meir en nóg.

Glúntínn:

Reiknum fimm — nei sex . . .

Magisterinn:

Sjö, eða' átta — jafnvel níu.
Dalir fjúka furðu létt.
Og við skrifa ættum tíu.

Glúntínn:

Alveg rétt.

Báðir:

Alveg, alveg rétt.

4.

Magisterinn:

Þetta ekki varð þó verra.
Víst er afgangur. En flott!
Gizka á, minn góði herra.

Glúntinn:

Núll er gott.

Magisterinn:

Tólf skildingar eftir.

Glúntinn:

Þetta ekki varð þó verra.
Víst það fjandi hressir mig.
Þetta er þó ekki verra.

Magisterinn:

Undrar þig . . . ?

Glúntinn:

Já, ekki örgrannt.

Magisterinn:

Töfraráð gegn tómahljóði
til er, það ég hefi frétt.
Afbragð fjöldans ég verð, góði.

Glúntinn:

Alveg rétt.

Báðir:

Alveg, alveg rétt.

29.

Kveðjusöngur.

Glúntinn:

Far heill, Magister. Hér mun ríkja
nú hljóð í salnum á Flottsund.
Og gleð úr sál og sinni víkja
há söngbræðrum í Óðinslund.
Og vart af hæðum Vasaborgin
hér verður gegnum laufskrúð séð.
En eftir verða ég og sorgin
og eigrum burt — en þú ei með.
Ég kveð.

Magisterinn:

Æ, nei.

Glúntinn:

Lif heill.

Magisterinn:

Æ, liggur þér vinur minn ósköpin á
aðeins þó litla stund dveldu mér hjá.

Glúntinn:

Bið mig ei oftar. Ég frið ekki fæ
fyr en ég yfir til Löfstabru næ.

Magisterinn:

Sæll þá í guðs nafni, þrjóturinn þinn.

Glúntinn:

Þér vild' ég una með lengi um sinn.

Báðir:

Mættum við báðir í bróðerni fá
búið við ströndina Vardsätra hjá.
Rétt þú mér hönd, og lofa því,
nú fyrr en ferð er hafin.
Fljótt að þú gleymir ei að skrifa mér.
Lif heill. Því guð . . .
Lif heill. Lif heill. Guð veit hvar næst við sjáumst.
Heimurinn er hulu vafinn.
Hér skiljast leiðir okkar. Því er ver.

Magisterinn:

Lif heill. Bið við. Ég fylgi þér til Alsike.

Glúntinn:

Lif heill. Lif heill.
Kærasti Magister. Hvað heyr' ég nú.
Kæti og tregabland fylgdin er sú.

Magisterinn:

Hott. Hott. Af stað. Þú.

Glúntinn:

Hott. Hott. Af stað. Þú.

30.

Saknaðaróður Magistersins.

Magisterinn:

Æ, líf vort aumlega hjarir.
Er engin gleði á jarðríki hér,
sem að upphefst svo kát
og ei endar með grát?
Nefndu unað, sem endalaust varir.

Skýringar.

Eins og getið er um í formála, fylgja sænsku söngva-útgáfunni 104 skýringargreinar, varðandi staðarnöfn, orð, persónur, breytingar á gömlu Uppsölum til nútímans og margt fleira.

Flestar snerta þær aðeins Svíþjóð og Svía, svo að skýringar þær, er hér fara á eftir, miðast fyrst og fremst við það, sem fram kemur í íslenzku þýðingunni.

Bls. 17: *Karls tólfta minnisdag.*

Að kveldi 30. nóvember ár hvert, á dánardægri Karls 12., söfnuðust stúdentar saman við stóra torgið, gengu marga hringi umhverfis það, og sungu ættjarðar- og hvatningsöngva.

Bls. 25: *Húrra. Vivas, florias, semperque gaudeas.*

Þegar nýr „bróðir“ var tekinn inn í samfélag Juvenala, fór fram sérstök athöfn, þar sem m. a. Magisterinn lagði hönd sína á höfuð nýliðans, og tónaði ofangreind orð, en Juvenalarnir stóðu umhverfis, og endurtóku setninguna fjórraddað.

Bls. 27: *sem eigi Bredman veit á skil.*

Bredman var prófessor í stjörnufræði við Uppsalaháskóla, um þessar mundir.

Bls. 29: *Við sjáum guðanna gömlu hauga.*

Í norðaustri, skammt frá gömlu Uppsalakirkjunni, sjást þrjár gamlir haugar, er í sögnum bera nöfn Óðins, Þórs og Freys.

Bls. 29: *Blunda ég mundi í „Borgardíki“.*

Þar sem „Stadens dike“ (Borgardíki) var áður, liggur nú Stóra kóngsgatan. Þar stóðu forðum við borgardíkið, lítil, gul og græn lystihús, sem fyrir löngu hafa þokað fyrir veglegri byggingum.

Bls. 36: *Kátt er á kvöldin á Schylla.*

Við Drottningargötuna var veitingakrá í kjallara, og hét eigandinn Schylander, en kráin í daglegu tali kölluð Schylla. Var Schylla eins konar næturlúbbur stúdenta á dögum Wennerbergs.

Bls. 40: *Syng gjaldkeri þrumandi. Österberg kátt.*

Nystedt slær taktinn.

Österberg og Nystedt eru nöfn, sem koma víðar fyrir í Glúntunum, en báðir voru þeir þekktir í næturglaumi Uppsala, heimspekilegir og háfleygir, og létu hverjum degi nægja sína þjáningu.

Bls. 47: *Þetta er eflaust Eiríksgatan.*

Eiríksgatan er þröng gata, sem liggur frá St. Eiríkshjallaranum að Gilletorgi. Lýsingin á götunni í söngnum gildir jafnvel enn þann dag í dag.

Bls. 48: *Brunavörðurinn kallar af brú hér nær.*

Brunavörðurinn, eða næturvörðurinn, var maður, sem gekk um á nóttunni, til þess að aðvara fólk, ef eldsvoða bæri að höndum. Skyldi hann þá hrópa frá vissum stöðum, m. a. Dómrúnni og Nýbrú.

Bls. 52: *Hún býr út við Dragerbrunn.*

Stytting á Dragerbrunnsgötu, sem dró nafn sitt af brunni sem bæjarbúar notuðu þá.

Bls. 58: *Af fullum stúdentum.*

Það var — og er ef til vill enn — sá óvani uppi, að kenna stúdentum um alla háreysti og skarkala um nætur.

Bls. 72: *ofan Karólínubrekkur.*

Háskólabókasafnið. Carolina rediviva, stendur á sama háa sandásnum og höllin, en vegurinn þaðan, niður í Drottningargötu brattur og krókóttur, og ekki þægilegur yfirferðar þeim sem var valtur á fótunum.

Bls. 80—81: „Eplið“, *Gastis* og „*Sjö helvítis gluggar*“.

Eru nöfn á drykkjukrám.

Bls. 47: *Þett' er eflaust Eiríksgatan.*

Eiríksgatan er þröng gata, sem liggur frá St. Eiríkskjallaranum að Gilletorgi. Lýsingin á götunni í söngnum gildir jafnvel enn þann dag í dag.

Bls. 48: *Brunavörðurinn kallar af brú hér nær.*

Brunavörðurinn, eða næturvörðurinn, var maður, sem gekk um á nóttunni, til þess að aðvara fólk, ef eldsvoða bæri að höndum. Skyldi hann þá hrópa frá vissum stöðum, m. a. Dómrúnni og Nýbrú.

Bls. 52: *Hún býr út við Dragerbrunn.*

Stytting á Dragerbrunnsgötu, sem dró nafn sitt af brunni sem bæjarbúar notuðu þá.

Bls. 58: *Af fullum stúdentum.*

Það var — og er ef til vill enn — sá óvani uppi, að kenna stúdentum um alla háreysti og skarkala um nætur.

Bls. 72: *ofan Karólínubrekkur.*

Háskólabókasafnið. Carolina rediviva, stendur á sama háa sandásnum og höllin, en vegurinn þaðan, niður í Drottningargötu brattur og krókóttur, og ekki þægilegur yfirferðar þeim sem var valtur á fótunum.

Bls. 80—81: „Eplið“, *Gastis* og „*Sjö helvitis gluggar*“.

Eru nöfn á drykkjukrám.

Bls. 83: *Rætt þar um Norbergs gróða gátum
gamla Chiewizt, og brúna hans.*

Norberg mun hafa verið fjármálamaður, eða okrari, en „gamli Chiewizt“ var byggingameistari, sem gat sér frægð fyrir að smíða járnbrú, sem á sínum tíma olli miklum deilum.

Bls. 90: *Flúð inn í „Blekið“.*

Nafn á enn einni kránni.

Bls. 95: *Hó, Schy . . .*

Veitingahúsinu í Eikilundi (Eklundshof) var stjórnað af kjallarameistara að nafni Schylander.

Bls. 99: *Nei. En sjá þar Lotta er.*

Þeir voru tímarnir, að „Lotta på hofvet“ naut almennrar aðdáunar hinna ungu stúdenta. Þeir báru virðingu fyrir henni, sem þó var blandin ótta, því hún var ekkert lamb að leika sér við, ef einhver gerðist of áleitinn við hana. Þess spyr Magisterinn varlega: „Varð hún reið?“

Bls. 117: *Fyrr en ég yfir til Löfstabrú næ.*

Svo nefndist óvenjulega snotur og vinalæg krá, á leiðinni milli Uppsala og Stokkhólms. Þar áðu stúdentar gjarna, er þeir áttu leið þar um, og nutu ánægjulegrar kvöldstundar.

Bls. 117: *búið við ströndina Vårdsättra hjá.*

Einhver fegursti staður í nánd við Uppsali er Vårdsättra,

út með Mälarstranden. Þar var það sem þeir vinirnir ósk-
uðu sér að dvelja saman um alla *framtið*. En slíkt var
vonlaust. Brátt koma þeir að gistihúsinu við Alsike. Og
þar skilja þeir, vitandi það, að *enginn* varanlegur staður
finnst „á jarðríki hér“.

Þýð.